

## Einar Kristján Jónsson

---

**From:** Pétur Hrafn Ármannsson <petur@minjastofnun.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 18. desember 2024 16:30  
**To:** Einar Kristján Jónsson  
**Subject:** Núpsstaður greinargerð og framtíðarsýn  
**Attachments:** NÚPSSTAÐUR\_GREINARGERÐ122024\_compressed.pdf

Sveitarstjórn Skaftárhrepps / Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri  
Mál : Núpsstaður greinargerð og framtíðarsýn – skýrsla ráðgjafa

Heill og sæll, Einar,

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2023 samþykkti Alþingi fjárhæð til þess að móta stefnu um framtíð Núpsstaðar í Fljótshverfi. Menningar- og viðskiptaráðuneytið fól Minjastofnun Íslands framkvæmd verkefnisins. Samið var við Sigbjörn Kjartansson arkitekt og Gísla Sverri Árnason sagnfræðing um að vinna stefnumörkun um verndun, framtíðarskipulag og rekstur Núpsstaðar í Fljótshverfi. Minjastofnun hafði samráð við Hannes Jónsson eiganda Núpsstaðar um verkefnið. Greinargerðin í endanlegri gerð var að berast og fylgir í viðhengi með þessum pósti.

Með góðri kveðju og hátíðaróskum,  
Pétur H. Ármannsson



Minjastofnun  
Íslands

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

**Pétur H. Ármannsson arkitekt FAÍ**

*Sviðsstjóri / Section Director / Húsverndarsvið / Building Heritage*

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvstyryelse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301

[petur@minjastofnun.is](mailto:petur@minjastofnun.is) / [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

# NÚPSSTAÐUR

Greinagerð og tillögur um framtíðarsýn

11. október 2024

Sigbjörn Kjartansson, arkitekt, Gláma-Kím arkitektar  
Gísli Sverrir Árnason, sjálfsstætt starfandi ráðgjafi

**GLÁMA·KÍM**  
Arkitektar Laugavegi 164 ehf. [www.glamakim.is](http://www.glamakim.is)

## Innihald

Tilurð verkefnis og niðurstöður	5
Verklag	7
Núverandi staða Núpsstaðar	11
Fjöldi ferðamanna	17
Skipulag á Núpsstað	18
Framtíðarsýn	26



## Tilurð verkefnis og niðurstöður

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2023 samþykkti alþingi fjárhæð til þess að móta stefnu um framtíð Núpsstaðar í Fjótshverfi. Menningar- og viðskiptaráðuneytið fól Minjastofnun Íslands framkvæmd verkefnisins með eftirfarandi lýsingu:

Verkefnið felst í að vinna áætlun um framtíðarskipulag Núpsstaðar í Fjótshverfi í samráði við landeiganda, Minjastofnun, ráðuneyti og sveitarstjórn Skaftárhrepps. Áætlunin mun fela í sér tillögu að staðsetningu og mótun nýrra bygginga og samgönguleiða ásamt hugmynd um hvernig standa má að rekstri minjastaðarins, staðarskoðun, kynningu og miðlun upplýsinga til gesta. Lokaafurðin verður skýrsla/greinargerð með tillögum að framtíðarskipulagi safnasvæðisins sem nýta má sem grunn að deiliskipulagi.

Minjastofnun réði Gísla Sverri Árnason sjálfstætt starfandi ráðgjafa og Sigbjörn Kjartansson arkitekt hjá Glámu-Kími arkitektum, til þess að vinna stefnumörkun um verndun, framtíðarskipulag og rekstur Núpsstaðar í Fjótshverfi. Minjastofnun hafði fullt samráð við Hannes Jónsson eiganda Núpsstaðar um verkefnið og ráðgjafarnir unnu að niðurstöðu þess með honum.

Niðurstöður verkefnisins eru í meginatriðum þessar:


- Núpsstaður er afar mikilvægur sögu- og minjastaður sem vert er að varðveita.
- Menningar- og viðskiptaráðuneytið taki upp viðræður við eiganda Núpsstaðar um verndun og framtíð staðarins og jarðarinnar allrar.
- Unnið verði að skráningu og verndun minja á Núpsstað í því skyni að opna meg almenningsi aðgang að staðnum.
- Byggðir verði upp nauðsynlegir innviðir í formi bygginga, göngustíga, bílastæða, snyrtinga og annars til undirbúning þess að opna staðinn

fyrir almennningi. Álag á staðinn verði stýrt, með takmörkuðum fjölda gesta á hverjum degi.

Unnið verði að uppbyggingu miðlunar á sögu og náttúru og lágmarks þjónustu við gesti í samræmi við lágstemmda ásjúnd staðarins.







Úr veitvangafélagi | jóni á Núpastað



## Verklag

Ráðgjafar tóku til starfa í lok október 2023 en höfðu í júní farið í vettvangsferð ásamt Pétri H. Ármannssyni sviðsstjóra á Minjastofnun að Núpsstað og hitt Hannes Jónsson. Í því skini að kalla eftir ólíkum sjónarmiðum og áherslum áttu ráðgjafar fundi um málefni Núpsstaðar með eftirfarandi sérfræðingum og fagaðilum:


- **Hjörleifur Guttormsson** náttúrufræðingur.
- **Þjóðminjasafn Íslands**. Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður, Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri safneignar og Guðmundur Lúther Hafsteinsson sviðsstjóri húsasafns.
- **Minjastofnun Íslands**. Dr. Rúnar Leifsson forstöðumaður, Pétur H. Ármannsson sviðsstjóri húsverndar-, umhverfis- og skipulagssviðs og Uggj /Evarsson minjavörður Suðurlands.
- **Vegagerðin**. Guðmundur Valur Guðmundsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs og Svanur Geir Bjarnason sviðsstjóri Suðursvæðis.
- **Vatnajökulsþjóðgarður**. Ingibjörg Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður á vestursvæði.
- **Sólborg Steinþórsdóttir** yfirhótelstjóri Iceland Hotels by Berjaya.
- **Skaftharppur**. Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri.
- **Björgvin Snæbjörnsson** arkitekt frá Rauðabergi í Fljótshverfi.
- **Þjóðminjasafn Íslands**. Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri safneignar (og húsasafns) og Guðmundur Lúther Hafsteinsson sviðsstjóri húsasafns.
- **Skógasafn**. Andri Guðmundsson forstöðumaður og Guðbjörg deildarstjóri skráningar.
- **VSÓ**. Stefán Gunnar Thors sviðsstjóri umhverfis og skipulags.
- **Samtök um söguferðapjónustu**. Rögnvaldur Guðmundsson formaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar.

Auk þess sátu ráðgjafar fjölmennan hugmyndafund um húsasafn Þjóðminjasafnsins þar sem saman voru komnir margir af helstu sérfræðingum landsins í minja- og húsvernd auk ferðapjónustu og náttúruverndar. Fundirnir voru allir afar gagnlegir og bættu vel í þann þekkingar- og hugmyndabrunn sem ráðgjafar öfluðu sér að öðru leyti. Allir viðmælendur og aðrir sérfræðingar sem rætt var við voru á einu máli um mikilvægi þess að hefja tafarlaust vinnu við verndun Núpsstaðar, uppbyggingu lágmarks innviða og opnun staðarins fyrir gesti.

Ráðgjafar öfluðu ýmis konar gagna og álitssgerða um rannsóknir og mælingar á húsum og öðrum minjum, aðgengi gesta og stýringu á henni, umferð ferðamanna um þjóðveginn og áhuga þeirra á viðlíka eða nálægum ferðamannastöðum, umhverfismat og annan udríbúning uppbyggingar og framkvæmda, umferðaröryggi og fleira. Sérfræðingar og fagaðilar lögðu einnig til efni sem nýttist ráðgjöfum.







<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=776941>





Íslandskortis - Dönsku herforingjaráskortin 1905



## Núverandi staða Núpsstaðar


### Sögustaður í Þjóðbraut

Núpsstaður er útvörður byggðar í Skaftárhreppi, austasti bæi í Fljótshverfi. Jörðin er landmikil, nær frá Vatnajökli að sjó, liggur að Skeiðarsandi vestanverðum og um fjallendi. Sagnir eru um að bæjarstæðið hafi fyrrum verið austan Lómagnúps, á svokölluðum Seiflötum en vegna umbrota hafi bærin verið fluttur á núverandi stað á 14. öld. Bæjarstæðið er í ofanverðu aflöndi túni mót suðri en að baki bæjarhúsum eru brattir hamrar. Lómagnúpur blasir við í austri og viðáttur Skeiðarsands. Búseta lagðist af á Núpsstað árið 2020 en þá hafði bærin verið í ábúð sömu ættar frá því um 1730. Kirkja mun hafa verið á Núpsstað frá söguöld og enn stendur þar torflaðið bænhús af fornri gerð og er minnst þeirra torrkirkna sem varðveist hafa hér á landi. Bænhúsið á Núpsstað var fyrsta torfhúsið sem tekið var á fornleifaskrá árið 1931.




Þótt Núpsstaður sé við Þjóðveg 1 eru um 35 km að næsta byggða bóli í austri, Skaftafelli. Vestan við Núpsstað eru rúmir 7 km að Kálfafelli. Kirkjubæjarklaustur er næsti þéttbýlisstaður vestan við Núpsstað en þangað eru 33 km. Í austurátt eru 168 km að Höfn í Hornafirði.

### Samgöngusaga

Núpsstaður var alla tíð í Þjóðbraut á ferðalögum fólks milli landshluta þrátt fyrir erfða sanda og jökulffjót beggja vegna. Bændur á Núpsstað fylgdu ferðafólki gjarnan yfir jökulvötnin miklu á Skeiðarsandi á tímum hestaferða. Landpósturinn Hannes Jónsson bóndi á Núpsstað sem þjónaði svæðinu austur í Hornafirð varð Þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Bærinn komst í alfaraleið með opnum vegarins um Skeiðarsand árið 1974 og nú renna nær því 2.000 bifreiðar flesta sumardaga um hringveginn sunnan við hlaðið á Núpsstað.







### Byggingar og aðrar minjar

Bæjartorfan á Núpsstað er ein heillegasta þypping bæjarhúsa frá seinni hluta 19. aldar sem varðveist hefur hér á landi. Um er að ræða fimmtán uppistandandi útihús úr torfi og grjóti auk bænhúss, íbúðarhúss úr timbri og rústa af fjórum útihúsum. Með bæjarhúsunum mynda traðir, hlaðnir túngarðar og aðrar búsetumínjar fyrri tíðar einstæða og lítt snortna minjaheild. Feist gildi staðarins ekki sist í samspili menningarmínja og stórbrotins landslags. Bæjartorfan á Núpsstað er einn staðanna sem eru á lista yfir torfhús á hinni íslensku yfirflitskrá í tengslum við heimsminjaskrá UNESCO.

### Sérstaða Núpsstaðar

Núpsstaður hefur sérstöðu meðal nokkurra íslenskra torfbæjarþyppinga vegna fjölda og upprunagildis húsa sem varðveitt eru á staðnum. Auk þess er Núpsstaður eini staðurinn á landinu þar sem bæði bæjarhús og kirkja úr torfi standa enn á sínum upprunastað. Bænhúsið á Núpsstað hefur ótvírætt og einstakt gildi út frá sjónarhóli byggingarlistar. Guðmundur L. Hafsteinsson sviósstjóri húsasafns Þjóðminjasafns Íslands segir: „Bænhúsið á Núpsstað er minnst þeirra torfkirkna sem varðveist hafa frá gamalli tíð en óvíða hefur með einföldum miðlum og efnistöfum góðrar byggingarlistar verið skapað áhrifameira guðshús hétendis.“ Bænhúsið er í eigu Þjóðminjasafns Íslands og hluti af húsasafni þess.


### Ímynd og aðgegni

Hin þekhta ímynd Núpsstaðar sem sögu- og minjastaðar í þjóðbraut er tær og óbrennluð í hugum fólks og í öllu upplýsingaefni. Torfhúsin eru afar sérstæð meðal torfbæja landsins, bænhúsið einstakt í sinni röð og staða Núpsstaðar í samgöngusögu Skaftafellssýslu er lífandi en þarfnast miðlunar til ferðafólks og gesta.

Frá árinu 2010 hefur þurft að takmarka daglega umferð ferðafólks um bæjarhlað Núpsstaðar enda ekki viðbúnaður til þess að sinna móttöku gesta og tryggja vernd minjanna. Eftir sem áður er talsverður ágangur á Núpsstað og komin braut með bílförum fram hjá hliðinu sem sett var á heimreiðina að bænum.







### Tenging við aðra áhugaverða staði

Austan Núpsstaðar taka við Skeiðarársandur þar sem breytingar á náttúruferi eiga sér stað á hverju ári, Skaffafell djásnið í Vatnajökulsþjóðgarði, Jökulsárlón og fjöldi annarra áhugaverðra áfangastaða. Minjastaðirnir beggja vegna Skeiðarársands, Skaffafell og Núpsstaður kallast á í órofa sögu búsetu og ferðalaga um erfiða slóð. Allt svæðið er ein stór náttúruperla sem vert er að horfa á í samhengi. Vestan Núpsstaðar má nefna Fjaðrárgljúfur, Systrastapa og Kirkjugólf á Kirkjubæjarklaustri auk minja Skaffaárelda; hraun, gjáa og fleiri fjölsóttu ferðamannastaði.

Auk Núpsstaðar eru ýmsir merkir sögustaðir í Skaffárhreppi. Áhugavert væri að tengja uppbyggingu einhverra þeirra saman því menningar- og atvinnusaga byggðarlagsins er þar fólgin í minjum sem þarf að bjarga. Hér má nefna:

- **Hólm**, þar sem er að finna minjar tengdar rafvæðingu sveitanna og iðnnemntun.
- **Hnausa**, þar sem er fjósbaðstofa uppistandandi og söguvettvangur margra skipsstranda.

Innan marka Núpsstaðarjarðarinnar eru þjóðkunnar náttúruperlur á borð við Lómagnúp, Grænalón og Núpsstaðarskóga. Útivist og gönguferðir um svæðið eru vaxandi en lítil sem engin stýring er á akstursleiðum eða þjónusta svo sem snyrtingar við bílastæði.

### Gestastofur og landvarsla Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður rekur gestastofur á Kirkjubæjarklaustri, í Skaffafelli og á Höfn auk þess að sinna landvörslu á ýmsum verndarsvæðum þjóðgarðsins.

### Náttúruminjasrá

Auk þess að vera staður mikilla menningarminja hefur Núpsstaður ótvírátt náttúruverndargildi. Í náttúruminjasrá er öll jörðin skilgreind sem *ádrar náttúruminjar*.


### Eignarhald

Núverandi eigandi Núpsstaðar er Hannes Jónsson bóndi á Hvoli í Fljótshverfi. Hann hefur sinnt nauðsynlegu viðhaldi og umsjón lands og minja undanfarin ár. Á Hvoli er rekin ferðapjónusta.



<https://orndefrasja.lmi.is/mapview/?application=orndefrasja>





## Fjöldi ferðamanna

### Um hringveginn

Umferð um Þjóðveg 1 við Núpsstað hefur aukist mikið síðustu ár. Rekstur og ráðgjöf ferðþjónustunnar hefur tekið saman upplýsingar um þróun á umferðinni:

	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ágú	Sep	Ókt	Nóv	Des	Alls
2010	11	2	28	36	61	208	414	461	127	52	10	14	1424
2014	64	173	164	240	330	835	976	1025	428	132	96	39	4502
2016	151	235	403	392	579	1017	1660	1658	1260	832	366	342	8895
2018	460	800	795	848	1100	1450	1670	1780	1425	964	544	440	12276
2019	412	700	880	761	898	1376	1525	1794	1408	780	467	414	11415

Árið 2022 var umferð við Núpsstað yfir allt árið 1150 bílar á dag, yfir sumarið var umferðin 1850 bílar að jafnaði á dag og 560 yfir veturinn. Bæði austan við (Jökulsárlón) og vestan við (Vík) voru þessar tölur enn hærrí.

Að Jökulsárlóni, í Skaftafelli og í Þórbergssætri

Að Jökulsárlóni komu 844.380 gestir árið 2022 og 589.224 gestir heimsóttu Skaftafell. Upp að Svartafossi í Skaftafelli gengu eftir aðalgönguleiðinni 189.910 ferðamenn. Á Þórbergssætri á Hala komu 104.587 gestir árið 2023.

Í Skógasafni, Reynisföru og Fjaðrárgljúfri

Um 42.000 ferðamenn heimsóttu Skógasafn árið 2022 en flestir hafa gestir verið 73.000 árið 2017. Um 95% gesta eru erlendir ferðamenn. Árið 2023 komu 524.183 gestir í Reynisföru og 288.483 í Fjaðrárgljúfur.

Að Núpsstað

Verði ferðamönnum opnaður aðgangur að Núpsstað er full ástæða til að ætla að aðsókn verði mikil og staðurinn yrði vinsæll áningarstaður ferðafólks á Suðurlandi.



<https://umferd.vegagerdin.is/>



## Skipulag á Núpsstað

### Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022

Í gildandi aðalskipulagi er auðkennt sérstakt „Svæði fyrir þjónustustofnanir“ á Núpsstað og kallað S6:

**S-6 Núpsstaður.** Núpsstaður er austasti bærinn í Skaftárhreppi.

Þar standa gömul bæjarhús og bænhús. Talið er að bænhúsið sé að stofni til úr kirkju sem var byggð um 1650 en árið 1930 var bænhúsið endurgert.

Um svæði fyrir þjónustustofnanir segir í greinargerð aðalskipulagsins:

**MARKMIÐ:** Stefnt er að því að treysta fjárhagslegan og faglegan grundvöll samfélagsþjónustu með vaxandi samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurlandi jafnframt því sem lögð er áhersla á að tryggja og efla starfrækslu þjónustustofnana í hreppnum. ...

Nauðsynlegt er að byggja upp aðstöðu fyrir vísindi og fræði sem tengjast sögu og landsháttum og nýta þau tækifæri sem Vatnajökulsþjóðgarður skapar á því sviði. Kirkjubæjrstofa gegnir lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu. ...


Á skipulagsuppdrætti fær þjónustustofnun appelsinugult tákni og númer. Núverandi starfsemi á eistöfum stöðum er ekki bindandi umfram ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar um svæði fyrir þjónustustofnanir. ...

Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er auðkennt þjóðminjavernðarsvæði Þ8 á Núpsstað:

**Þ-8 Núpsstaður.** Gamalt bænhús með garði í kring.

Um þjóðminjavernðarsvæði segir í greinargerð aðalskipulagsins:

**MARKMIÐ:** Í samráði við Fornleifavernd ríkisins og Kirkjubæjrstofu



Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022

verður gerð áætlun um fornleifaskráningu fyrir sveitarfélagið svo sem Þjóðminjialög segja til um.

LEIÐIR: Huga þarf að varðveislu og viðhaldi sögumínjar og marka stefnu um aðgengi almennings að þeim. Taka saman yfirlit um Þjóðögur og sagnir sem eiga uppruna á því landsvæði sem er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs eða tengjast því sterklega. Engin heildarskráning fornleifa hefur farið fram í Skaftárhreppi. Fornleifavernd ríkisins hefur sett tvö skilyrði fyrir að veita sveitarfélaginu undanþágu frá skráningu fornleifa á öllu skipulagssvæðinu:

- Að fornleifar á Kirkjubæjarklaustri verði staðsettar á korti með gps-tækni áður en aðalskipulagið verður staðfest.
- Að gerð verði áætlun um fornleifaskráningu í öllu sveitarfélaginu sem verði lokið fyrir árslok 2022. ...

Fornleifaskráning hefur farið fram á Núpsstað og staðfestir niðurstaða þeirrar skráningar að á Núpsstað sé að finna einstæða heimild um búskaparhætti landsmanna og landnýtingu fyrri tíma. ...

Þjóðminjialög kveða á um að allar fornleifar séu friðaðar og er það lögprot að raska fornleifum og breyta eða rífa friðuð hús eða kirkjur. Í 9. gr Þjóðminjialaga er tekið fram að mínjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er að friðlýsa yngri mínjar. Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. gr. lagana segir að „fornleifum megi enginn hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“ Þá segir í 6. grein laga um húsríðun nr. 104/2001 að öll hús sem reist eru fyrir 1850 séu friðuð og einnig

kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álífts hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Núpsstaður er svæði nr. 701 á náttúruminjaskrá. Í gildandi náttúruminjaskrá frá árinu 1996 er Núpsstaður, öll jörðin, skilgreind sem *aðrar náttúrumínjar*:

701. Núpsstaður, Núpsstaðarskógar og Grænalón, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. (2) Sérstætt svæði vegna náttúrafars og fegurðar. Sögumínjar, gamlar byggingar.

Um náttúruverndarsvæði er fjallað í kafla 2.10 í greinargerð aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022, þar segir m.a.:

Náttúruverndarsvæði í tillögnum eru í samræmi við lög nr. 44/99 um náttúruvernd. Í þeim er m.a. fjallað um friðlýstar náttúrumínjar sem skiptast í 5 flokka: a.Þjóðgarða; b.friðlönd; c.náttúruvætti á landi; d.friðlýstar lífrerur, búsvæði og vistkerfi og e.fólkvanga. Í öðru lagi eru önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá. Þá eru afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags. Fjögur friðlýst náttúruverndarsvæði eru í Skaftárhreppi og níu svæði á náttúruminjaskrá. Um náttúruverndarsvæði gilda ákvæði náttúruverndarlaga.

MARKMÍÐ: Unnið verði að því að móta skýra stefnu um náttúruverndarsvæði í samráði og samstarfi við stjórnvöld og stofnanir, einkum Vatnajökulsþjóðgarð og Umhverfisstofnun.

LEIÐIR: ... Huga þarf að varðveislu og viðhaldi náttúruminja og marka stefnu um aðgengi almennings að þeim. ...





## Deiliskipulag

Gera þarf deiliskipulag fyrir Núpsstað, það er í samræmi við aðalskipulagið að opna staðinn almenningi og byggja þar upp aðstöðu til rannsóknna og miðlunar. Skilgreina þarf þolmörk staðarins, bæði með tilliti til menningarmínja og náttúru og takmarka aðgengi og umferð um staðinn við þolmörk. Greina þarf hvaða þjónustu þurfi og eigi að veita og hvaða byggingar og innviði þarf til að gera það kleift.

Þegar hefur verið skilgreind lóð, Núpsstaður 2, á svæðinu sem væntanlegast er til aðkomu að staðnum og byggingar fyrir þjónustu og gæslu, sbr. <https://landeignaskra.hms.is/226199>.

Ný mannvirki ættu að verða eims víkjandi í ásýnd Núpsstaðar og kostur er, bílastæðum og byggingum ætti að koma þannig fyrir að þær hafi sem minnst áhrif á ásýnd að bæjarorfunni og frá henni. Byggingar sem sjást frá bæjarorfunni ættu að vera smágerðar í mælikvarða.

## Aðgangsstýring og -takmarkanir

Ýmsar leiðir má nota til að stýra aðgangi og takmarka álag, til dæmis að:

- Innheimta aðgangseyri (til dæmis á bílastæði) fyrir aðgang að þjónustu á staðnum.
- Takmarka fjölda bílastæða og hafa fá rútustæði. Bjóða upp á að bóka heimsóknir fyrirfram.
- Aðgengi að bæjarhláðinu verði eftir skilgreindum, afmörkuðum gönguleiðum frá bílastæði og móttökuhúsi.
- Takmarka fjölda gesta sem hleypt er inn að bæjarhláðinu í einu (telja inn og út).
- Hafa hæfilega langan göngutúr frá bílastæði að bæjarhláðinu (um 300-500m).

## Aðgangur að Núpsstað

- Bæjarorfan verði skilgreint sem minjasvæði.
- Skilgreint verði aðkomu- og þjónustusvæði og byggð gestastofa með fræðslu um staðinn.

- Áhersla verði á upplýsingagjöf og fræðslu, miðlun upplýsinga um húsin á Núpsstað, umhverfið og samgöngusöguna með áherslu á landpóstana. Hluti af upplifun gesta verði eftir atvikum viðgerðir og viðhald húsa.
- Boðið verði upp á leiðsögn og hugsanlega aukinn aðgang að einhverjum hluta torfunnar í litlum hópum undir leiðsögn.

## Aðkoma frá Þjóðvegi / bílastæði

- Bílastæðunum verði komið fyrir undir háum grasbakka um 500 m suð-vestan bæjarins og verða í hvarfi þegar horft er frá honum. Þau eru í forgrunni en ber í grasbakkann, séð frá þjóðveginum þegar ekið er í austurátt að Núpsstað.
- Ekið verði af þjóðvegi á sama stað og heimreiðin er nú, en strax beygt til vesturs og ekið samsíða þjóðvegi að bílastæðum.
- Heimreiðin sem fyrir er að Núpsstað mun nýfast til takmarkaðrar umferðar þjónustu- og neyðarbíla.

## Umsjón / varsla / staðarhaldari

- Landvörður / starfsmaður þarf að vera á staðnum þegar hann er opinn gestum.
- Staðarhaldari á Núpsstað yrði á sólarhringsvakt ekki ósvipað skálavörðum á hálendinu. Aðstaða landvarðar verði einföld til að byrja með.
- Föst búseta á staðnum kann að vera æskileg, reynsla þarf að skera úr um hvort hennar er þörf og hún raunverulegur valkostur. Meðal annars þarf að meta áhrif búsetu á staðarmyndina.
- Til greina kæmi að stofna sjálfseignarstofnun um varðveislu, uppbyggingu og rekstur Núpsstaðar og/éða kanna mögulegt samstarf við Skaftárhrepp, Skógasafn eða Vatnajökulsþjóðgarð.
- Hugsanlega er hægt að nota vörslu Vatnajökulsþjóðgarðs sem fyrirmynd að vörslu menningarmínja (líkt og gert er við torfbæinn Sel í Skaftafelli).







## Umhverfismat

Ef byggja á umfangsmikla þjónustumiðstöð við Núpsstað er líklegt að framkvæmdin sé umhverfisskið. Í þessu verkefni er ekki gert ráð fyrir fyrirferðarmikilli þjónustu eða miðstöð. Mesta álag á svæðinu verður vegna gestafjölda. Staðurinn hefur alla burði til þess að verða nýr segull fyrir ferðafólk. Því þarf að huga vel að dreifingu álags. Fyrir utan átroðning gesta og það rask sem framkvæmdir og uppbygging þjónustu og annarra innviða fylgir, þarf að skoða eftirfarandi atriði vegna öryggis- og umhverfissjónarmiða:

- Áhrif á menningarmínjar og þolmörk þeirra.
- Aðkomu af þjóðvegi 1 og öryggi vegfarenda.
- Öryggi gangandi fólks á bílastæði, ekki síst í myrkri.
- Ljósmeignun frá bílastæði og mögulegar mótvægisáðgerðir.
- Ljósmeignun frá gönguleið.
- Brú á gönguleið og handrið.
- Leysingar á vorin og áhrif á vatnsmagn í læknum út frá öryggissjónarmiðum.
- Aðkoma sjúkraflutninga á gönguleið og við bænahús.
- Slysahættu á svæðinu, til dæmis hrunhættu gamla útihúsa sem gætu orðið freistandi leiksvæði barna. Einnig hættu á að fólk falli á gönguleiðum og stígum.
- Hrunhætta úr klettum ofan við bæinn.









**1. áfangi**

Móttökuhús 1 - 2. hæðir  
Snyrtng og kaffihús



**2. áfangi**

Móttökuhús 2 - 2. hæðir  
Grunnisýning og stærkunn kaffihúss



**3. áfangi**

Aðstaða starfshaldara - 1. hæð  
Móttaka, salemi, skrifstofa, eldhúss

## Áfangaskipting

Skipulag svæðisins og hönnun bygginga og annarra „innviða“ þarf að hugsa þannig að uppbygging geti átt sér stað í áföngum sem ráðast af þörf og getu og hafa sveigjanleika til að hægt sé að bregðast við breyttum forsendum.

### Tilgáta um lágmarks rýmisþörf fyrir þjónustuhús- og skipulag

#### 1. Móttaka / Upplýsingagjöf / Veitingasala / Sýning

Móttökuhús 1	95 m <sup>2</sup>
• Opið rými, setu-veitingastofa, snyrtingar	
• Eldhús, snyrtingar, tæknirými, geymslur	
Móttökuhús 2	95 m <sup>2</sup>
• Grunnþýning	

#### 2. Aðstaða umsjónarmanns / staðarhaldara

Aðstaða staðarhaldara	40 m <sup>2</sup>
• Móttaka / skrifstofa / fundaherbergi	
• Kaffeldhús / baðherbergi / ræsting	

3. Snyrtingar	30 m <sup>2</sup>
Snyrtingar	

Samtals húsrýmisþörf að lágmarki	230 m <sup>2</sup>
----------------------------------	--------------------

Bílastæði	40 stk
• Einkabílar	5 stk
• Litlir hóperðabílar	3 stk
• Stórir hóperðabílar	3 stk



## Framtíðarsýn

### Minjavernd og viðhald bygginga

Hjá Þjóðminjafni Íslands er til staðar mikil þekking og tenging við verkefnið og liggur því beint við að safnið komi að verndar- og vörsluþætti verkefnisins. Safnið rekur minjastaðinn Keldur en sú jörð er nær öll í eigu ríkisins. Skógasafn er einnig reiðubúið að veita ráðgjöf og halda utan um skráningu muna. Það gæti einnig komið að einstökum miðlunarverkefnum svo sem um sögu landpóstanna.

Ástand húsa á Núpsstað er viðunandi. Hægt væri að miða við að uppgerð húsa stæði yfir í langan tíma og að vinna við viðgerð minjanna yrði hluti af upplifun gesta sem heimsæktu staðinn. Torfhús þurfa mikið og stöðugt viðhald og þarf til dæmis að yfirfara vegg og þök reglulega. Íbúðarhúsið er líklega í lakasta ástandi. Það þyrfti að mæla vel upp og stefna að viðgerð þess í áföngum annars er hætt við að það liggja undir skemmdum. Ekki er hægt að hleypa fólki inn í húsið miðað við stöðuna í dag.

Gestafjöldi þarf að takmarka í upphafi svo hann ógni ekki húsum og minjum og að ekki þurfi að fjölmenna gæslu á bæjarforunni. Mikilvægt er að opna ekki aðgengi að staðnum fyrir en búið er að tryggja fé til viðgerðar húsa og byggja upp lágmarks innviði með þjónustu og samgöngur í huga.

### Aðkoma og þjónusta innan svæðis

Við uppbyggingu á móttöku gesta á Núpsstað er mikilvægt að tryggja góða og örugga aðkomu og þurfa bílastæði að vera næg. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk á dagvakt og sólarhringsvakt. Þjónustuhús verði skilgreint sem gestastofa. Það verði hannað þannig að hús og bílastæði trufi ekki upplifun gesta á staðnum. Hægt verði að stækka hús og bílastæði eftir þörfum. Í gestastofunni verði veittar upplýsingar og fræðsla, aðgangur að salerni (hugsanlega í sér húsi eða með sérstökum inngangi), minjagripasölu og einfaldar veitingar, til dæmis kaffi og kleinur. Móttaka gesta á Glaumbæ í Skagafirði er dæmi um vel heppnað

fyrirkomulag. Þar eru ókeypis salerni við bílastæði en gestir borga aðgangseyri inn á safnasvæðið.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur byggt upp og þróað ákveðið vörslukerfi (landverðir) nátturuverndarsvæða sem vel mætti stýrjast við eða nota í vörslu menningarminja. Samstaf við þjóðgarðinn er mikilvægt. Það eru meiri möguleikar á stýringu ef landið er frjólýst.

### Sýningar og önnur miðlun á staðnum

Ferðamenn hafa mikinn áhuga á torfhúsum. Þau vekja meiri áhuga en aðrir safnmunir. Sögu Hannesar Jónssonar pósts (1880-1968) þarf að gera skil enda stór þáttur í samgöngusögu svæðisins og tengingu Skaffafellssýslna. Samspil manns og náttúru er áþreifanlegt á Núpsstað. Sýningarhald og upplýsingagjöf þurfa að taka mið af því.

### Kynning staðarins, markaðssetning

Þekktir sögustaðir laða að sér fjölda ferðamanna. Þar má nefna torfbæinn að Glaumbæ í Skagafirði sem fær 60.000 gesti á ári. Ekki er líklegt að markaðssetja þurfi Núpsstað sérstaklega fyrir ferðafólki því hann er nú þegar vinsæll áningarstaður og kemur víða fram á samfélagsmiðlum og leitarsíðum.

### Stofnkostnaður og rekstur

Ef núverandi eignarhald á jörðinni verður óbreytt er mikilvægt að gerður verði ítarlegur samningur um uppbyggingu og þjónustu, hlutverk og skyldur hvers aðila og hvernig farið verði með daglega stíðum svæðisins, starfsmannahald og fjármögnun stofn- og rekstrarkostnaðar auk kostnaðar við minjavernd og viðhald. Að því samkomulagi þyrftu að koma auk landeiganda, fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis, Skaffárhrepps, Þjóðminjafns Íslands, Minjastofnunar Íslands og Vatnajökulsþjóðgarðs.

Sveitarstjórn Skaffárhrepps er áhugasöm um að koma að málefnum Núpsstaðar og annarra merkra sögustaða gegn því að staðirnir verði opnaðir gestum.



Einnig að þar eigi sér stað einhver uppbygging. Sveitarfélagið sér fyrir sér að Núpsstaður sé á einhvern hátt tengdur Skógasafni, jafnvel hluti af því. Skógasafn reki Núpsstað sem einhverskonar lifandi 19. aldar bændaþýli. Það virðist þó ekki raunhæft miðað við núverandi rekstraramma sem Skógasafn býr við. Fara þarf varlega í uppbyggingu á veitingarekstri sem víða er þungur þáttur í rekstri.

#### Efnahagsleg áhrif á nærumhverfi, sérstaklega ferðapjónustu og búsetu

Enginn vafi er á að opnun Núpsstaðar sem áfangastaðar fyrir ferðafólk yrði mikil lyftistöng fyrir ferðapjónustu og partur af uppbyggingu á þeirri atvinnustarfsemi sem á sér nú stað í héraðinu. Opnun Núpsstaðar yrði því liður í því að lengja dvöl gesta í Skaftafellssýslum.

#### Eignarhald

Gengið er út frá því að eignarhald á jörðinni verði áfram í höndum núverandi eiganda. Þó er ekki loka fyrir það skotið að breyting verði á því í framtíðinni en þá færist öll ábyrgð á hendur nýs eiganda. Eftir sem áður væri mikilvægt að Skaftárhreppur, Þjóðminjasafn Íslands og Vatnajökulsþjóðgarður kæmu að uppbyggingu og starfsemi á staðnum.

Mjörk Vatnajökulsþjóðgarðs liggja að jörðinni að austan og norðan og því liggur beint við að skoða samlegðaráhrif þjóðgarðsins og Núpsstaðar ef til greina kæmi að ríkið eignaðist jörðina. Þjóðgarðurinn hefur sjálfur ekki markað sér sérstaka stefnu um ný svæði sem ákjósanlegt væri að fella undir garðinn. Þar ræður náttúruminjaskrá miklu.

#### Fyrirmyndir

Við frekari útfærslu á opnun Núpsstaðar fyrir gesti væri hægt að horfa til reynslu af móttöku gesta á ýmsum sögu- og náttúruminjasstöðum svo sem Þjóðgöörum, söfnum og sýningum.

Verkefnið á sér eflaust ekki margar hliðstæður en meðal þeirra staða sem gætu hafa þurft að glíma við svipaðar áskoranir má nefna Sænautesel, Glaumbæ, Skóga, Keldur, Árbæjarsafn og Teigarthorn.





